

A group of approximately 20 children of various ages are gathered outdoors on a paved area. They are holding a large blue banner that features the UNICEF logo and the text 'unicef RÉTTINDA fyrir öll börn SKÓLI'. The children are dressed in casual clothing, some with face paint. In the background, there are trees and a string of colorful triangular flags.

Skólanámskrá Kópahvols Útgefin 2025

Halla Ösp Hallsdóttir, leikskólastjóri
Stefanía H. Finnbogadóttir, aðstoðarleikskólastjóri
Stjórnendateymi Kópahvols

Gleði, samkennd, frelsi og hugrekki



Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. [Aðalnámskrá leikskóla](#) er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf.

Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerða um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla. Námskráin fjallar um menntun, uppeldi og umönnun og segir til um markmið og fyrirkomulag leikskólastarfs og ólíkar kröfur og réttindi sem taka til allra sem tilheyra skólasamfélagi. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki sem þörf er talin á sem og að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins.

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla. Þrátt fyrir að einstök námssvið samtvinnist hefur hvert svið sín sérkenni og styrkist með leik. Snertiflötur samþættingar í leik barna getur til dæmis verið sköpun, læsi, sjálfbærni og samskipti í einum og sama leik.

Í skólanámskrá Kópahvols verður notast við orðið kennari þegar fjallað verður um einstaklinga sem starfa með börnum.





Skólanámskrá

Meginhlutverk skóla er að stuðla að almennri menntun. Leitast skal við að haga starfi skólanna í fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans sem utan.

Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og stefnu Kópavogsbæjar og er sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn mun fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku. Skólanámskrá er endurskoðuð á fimm ára fresti.

Árlega er gefin út [starfsáætlun](#) þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans á ítarlegri hátt, birt [skóladagatal](#) og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald birtast á [heimasíðu Kópahvols](#). Þar kemur koma fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Við gerð starfsáætlunar er starfsemi síðasta skólaárs metin og gefst þá tækifæri til að ræða það sem vel gengur og það sem má bæta. Foreldraráð veitir starfsáætluninni umsögn áður en nefnd kjörin af sveitastjórn tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu.




Leiðarljós – sýn á nám barna

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins, upphaf formlegrar menntunar barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við forráðamenn eiga kennarar að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna. Veita skal börnum hollt og hvetjandi uppeldis- og námsumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Leikskólanám er samþætt nám þar sem börn eru að læra allan tímann við mismunandi aðstæður, börnum er sýnd virðing og umhyggja, fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi.

Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem kennarar, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur. Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, kennarar og nærsamfélags. Starfið skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og fjölbreytum menningarheimum. Réttur allra skal virtur óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra. Í leikskóla er lagt upp með því að börn læri að bera virðingu og umhyggju, þróa með sér samkennd, tillitsemi og vináttu.







Uppbygging sjálfsaga

Leikskólinn Kópahvoll starfar eftir hugmyndafræðinni [Uppbygging sjálfsaga/uppeldi til ábyrgðar](#). Fræðin byggjast á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar og siðferðislegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun.

Markmið stefnunnar er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórna út frá geðpóttá annarra. Einnig að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt.

Diana Gossen er upphafsmaður fræðanna og skilgreinir hún uppbyggingu á þennan hátt: „Að skapa skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun“. Gildi Kópahvols gleði, frelsi, samkennd og hugrekki tengjast hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.





Réttindaskóli UNICEF

[Réttindaskóli UNICEF](#) (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. [Barnasáttmálinn](#) eins og hann er iðulega nefndur, miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Á Kópahvoli leggjum við mikla áherslu á að öll börn upplifi sig örugg. Kennarar vinna eftir hugmyndafræði Réttindaskóla UNICEF, sem byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna – alþjóðlegum samningi um réttindi barna.

Lagt er upp með að börn þekki réttindi sín, finni að þau skipta máli og læri að bera virðingu fyrir réttindum annarra. Réttindin eru ekki bara orð á blaði þau eru lifandi þáttur í daglegu starfi okkar og endurspeglast í samskiptum, umönnun, leik og námi.

Réttindin eru kynnt á einfaldan og skemmtilegan hátt í samverustundum, leik, spjalli og myndskreytingum. Börnin fá að tengja við þau á eigin forsendum og spyrja spurninga.

Kennarar hlusta á og virða hugmyndir barnanna og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum hvort sem það snýst um leiki, hópverkefni, matseðilinn eða dagsskipulagið. Þau læra að skoðanir þeirra skipta máli og að allir eigi rödd. Virðing og samkennd er ræktað með því að hlusta hvert á annað, leysa mál saman og gleðjast yfir því sem vel gengur.

Barnasáttmálinn er leiðarljós í starfinu. Lögð er áhersla á að börnin upplifi að þau tilheyri, að þau séu mikilvæg og að þau hafi rétt á því að vera þau sjálf.



Sólblómaleikskóli

Kópahvoll er [Sólblómaleikskóli](#) sem þýðir að starfsfólk og börn styrkja barn í barnaþorpi á vegum SOS Barnaþorpa.

SOS Barnaþorpin eru barnahjálpasamtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. Markmið verkefnisins er að börnin fræðist um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.

Öll börn eiga sömu réttindi, sama hvar þau búa. Börn um allan heim fæðast með sömu getu og hæfileika til að blómstra en stundum hefur umhverfið sem þau alast upp í áhrif á tækifæri þeirra. SOS Barnaþorpin ásamt Sólblómaleikskólum landsins tryggja að fleiri börn fái tækifæri til að blómstra. Með þessu verkefni er lögð rækt við að efla samkennd og umhyggju.

Börn og kennarar hjálpast að við að finna viðeigandi jóla- og afmælisgjafir fyrir barnið og foreldrum er gefin kostur á að taka þátt í verkefninu með því að leggja því lið við að fjármagna framfærslu barnsins.

Heimsmarkmið

[Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um. Þau eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðana er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt.

Leikskólar Kópavogs hófu innleiðingu heimsmarkmiða haustið 2019 og byggja stefnu sína á fimmtán markmiðum. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir eru megnugir til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Mikilvægt er að hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra.

Börn og kennarar í Kópahvoli vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Leikur og nám barna

Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem ekki er hægt að kenna. Mikið sjálfsnám felst í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Í Kópahvoli er sjálfsprottinn leikur megin námsleið barna. Það sem einkennir sjálfsprottinn leik er að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottnum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að virða og setja mörk. Þegar fjallað er um leik í þessari skólanámskrá er átt við sjálfsprottinn leik.

Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra að afla sér þekkingar. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Fjöldi námsþátta eflast í leik, jafnt vitrænir sem og skapandi. Leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumála, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.

Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en jafnframt er það á ábyrgð kennara að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins. Kennarar skrá og ígrunda leik barna og hvetja þau til að takast á við ný og framandi viðfangsefni. Þeir skipuleggja og setja fram kveikjur, sem ætlað er að grípa athygli barna og vekja áhuga þeirra á að nýta sér í leik.

Kennarar í Kópahvoli eru mótandi í leikskólastarfi og bera ábyrgð á að skapa hverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins.



Lýðræði og jafnrétti

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.

Í Kópahvoli er stuðlað að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig telja kennarar að börnin öðlist aukinn skilning á lýðræði.

Lagt er upp með að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Parfir og áhugi barna eru grunnurinn sem mótar umhverfi og starfshætti Kópahvols. Í samstarfi við önnur börn og kennara skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum.

Lögð er áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum. Með inngildingu og jafnrétti að leiðarljósi mótast leikskólinn að samfélagi þar sem öll börn fá að blómstra.

Kópahvoll starfar eftir [Jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs](#), [Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og efbeldi á vinnustöðum \(EKKO\)](#) og [Jafnréttisáætlun Kópahvols](#).



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Í leik eflist hæfileiki barna til samskipta og málþroski þeirra eykst, þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og beita tungumáli á fjölbreyttan hátt. Börn læra með því að herma eftir því sem aðrir segja og gera í leik, þannig er barn bæði fyrirmynd og þátttakandi í leik. Börn hugsa og tjá sig gjarnan í myndum og táknum. Mikilvægt er að þau fái að nota líkamstjáningu jafnhliða töluðu og rituðu máli í leik og áhugi þeirra á ritmáli, bókum og margvíslegum miðlum sé vakinn. Einnig er mikilvægt að þau læri að lesa í myndir og tákn og hafi frjálsan aðgang að efnivið til sköpunar í leik svo sem til að skrifa, teikna og hanna leikmuni.

Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Í Kópahvoli fá börn tækifæri til að átta sig á og öðlast skilning á að mál og tákn hafi merkingu. Tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu starfi, þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan.

Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig. Auk tungumálsins nota þau til dæmis líkamstjáningu, ýmiskonar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Mikilvægt er að leggja áherslu á að hlusta á fjölbreyttan tjáningarmáta barna svo rödd þeirra og sjónarmið heyrist.

Unnið er í samræmi við [Stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum](#) og læsistefnu Kópahvols.



Starfshættir Kópahvols stuðla að fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi sem efla áhuga barnanna á læsi og bætir árangur í málþroska og lesskilning. Málörvun fer fram alla daga í öllu starfi leikskólans. Ritmálið er gert sýnilegt í umhverfinu og hvert tækifæri er nýtt til samræðna, orð sett á alla hluti og athafnir. Lagt er upp með lestur og söng á hverjum degi sem gefur svigrum til samræðulesturs og gæðastundar í málörvun.

Námsefnið [Lubbi finnur málbein](#) er nýtt í starfi með börnunum. Það er byggt á hljóðnámi í þrívídd og felur í sér samþættingu skynleiða, sjón-, heyrnar- og hreyfi-/snertiskyns sem auðveldar og hraðar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni.

Unnið er með snemmtæka íhlutun í Kópahvoli þar sem markvisst er lagt upp með að ná hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í viðum skilningi. Hér má nálgast [handbók Kópahvols í snemmtækri íhlutun](#).

[TRAS](#) er skráningarlisti sem notaður er til þess að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með listanum er hægt að skima eftir frávikum í mál og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Málörvunarefni Kópahvols er flokkað eftir TRAS.

[HLJÓM-2](#) er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu á að eiga í lestrarerfiðleikum.

[Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltýngd börn](#) í leikskóla er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku, bæði í skilningi og tjáningarfærni.

[EFI-2](#) er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á 4. ári, ætlað þeim sem koma að sérkennslu barna í leikskólum. EFI-2 málþroskaskimun gefur markvissar niðurstöður til að meta hvort þörf er á frekari greiningu fagaðila.



Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, til að mynda hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir getu og vilja til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Börn eru ólík og hafa mismunandi þarfir sem mikilvægt er að komið sé til móts við. Kennarar mynda góð og nán tengsl við börnin, sýna þeim kærleik og virðingu og stuðla að því að börnin fái tækifæri til að upplifa gleði og tilhlökkun.

Leikur styrkir heilbrigði barna og það þarf að ögra og örva hreyfifærni barna innan sem utandyra. Mikilvægt er að börn fái margvíslega hreyfingu í daglegu leikskólastarfi sem og gott rými og góða hljóðvist. Námsumhverfi leikskóla á að vera eins eiturefnalaust og unnt er, þar með talið; efniviður, fæði og hreinsiefni.

Hvöld er mikilvægur þáttur fyrir vellíðan. Öll börn fara í hvíldarstundir miðaða við aldur og þroska þeirra sem stuðlar að góðri andlegri og líkamlegri líðan. Einnig er mikilvægt að börn fái fjölbreyttan, góðan og næringarríkan mat. Að snæða er félagsleg athöfn og umhverfið og andrúmsloftið sem ríkir þegar borðað er skiptir ekki síður máli fyrir líðan og heilsu en fæðan sjálf. Börn þurfa að fá tækifæri til að læra að þekkja eigið magamál; hafi um það að segja hvað þau borða, hve mikið og hve lengi þau eru að borða.

Hér má finna [Lýðheilsa í Kópavogi](#) og [Næringastefna leikskóla í Kópavogi, Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#).

Umhverfi Kópahvols svo sem Víghólinn, Kópavogsdalur og Fossvogsdalur er nýtt til útínáms. Náttúran bíður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og upplifana





Sjálfbærni og vísindi

Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Námsumhverfi þarf að endurspegla margbreytileika samfélagsins svo sem menningu, kynhegðun, tungu og trú. Börn þurfa að fá tækifæri til að læra vísindi með skapandi hugsun og í leik, þar sem þau örva sem flest skilningarvit sín. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu, í leik setja þau fram eigin hugmyndir og tilgátur, gera tilraunir og draga ályktanir. Til að börn fái tækifæri til að nota eðlisfræði- og stærðfræðihugtök í leik þurfa þau að hafa aðgang að fjölbreyttum opnum efnivið.

Kennarar leggja áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga, kanna og leita lausna.

Börn og starfsfólk flokka sorp saman og er markmiðið að efla meðvitund um ábyrga neyslu og sjálfbæran lífsstíl. Lagt er upp með að bera virðingu fyrir efniviðnum og endurnýtanlegur efniviður er notaður í leik og starfi.

Leikskólinn er staðsettur í fallegu umhverfi og er útsýni til allra átta, þar sem gott tækifæri er fyrir börn að læra í gegnum gagnvirk samskipti við umhverfið. Skógarrrjóður eru við leikskólann, opin svæði og eldstæði.

Hér má finna [Umhverfisstefnu Kópavogsbæjar](#)



Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi, leik og þroska barna. Í leikskólastarfi Kópahvols er lögð áhersla á sköpunarferlið sjálft, gleðina, tjáninguna, könnunina og ímyndunaraflið sem kviknar þegar börn fá að nálgast viðfangsefni á eigin forsendum. Börn þróa með sér hæfni til að skynja, skilja og skapa, og þannig öðlast þau dýpri tengsl við eigin tilveru og umhverfi.

Kennarar styðja við skapandi hugsun barna með því að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið og viðfangsefni sem kalla á ígrundun, athugun og tilraunir. Þeir hvetja börn til að spyrja spurninga, leita lausna og vinna sjálfstætt. Um leið eru þau hvött til að skoða viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum og nýta eigin reynslu og hugmyndir í sköpun sinni. Á þann hátt fá börn tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttða reynslu.

Skipulag umhverfisins og aðgengi að fjölbreyttum efniviði í Kópahvoli örvar skynjun og frumkvæði barna. Umhverfið er hannað með það í huga að vekja áhuga, kveikja hugmyndir og styðja við virkni og sjálfstæði. Í leik og starfi fá börn tækifæri til að rannsaka, tjá sig og móta eigin hugmyndir á margvíslegan hátt.

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og er það réttur hvers og eins að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttan menningarheim barnahóps og fjölskyldna þeirra til að víkka sjóndeildarhringinn. Leikskólastarf á að endurspegla fjölmenningu og margbreytilega menningu mismunandi einstaklinga.

Í Kópahvoli fá börn, foreldrar og kennarar tækifæri til að taka þátt í viðburðum og hátíðum, sem og í hefðum og siðum leikskólans.



Fjölskyldan og leikskólinn

Lögð er áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að forráðamenn beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Þegar börn hefja leikskólagöngu er lagður grunnur að samstarfi forráðamanna og kennara þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Kennarar leggja sig fram við að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli forráðamanna og kennara. Lögð er áhersla á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börn, forráðamenn þeirra og aðstandendur. Starfsfólk leikskólans undirritar þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi og er skylt að gæta þagmælsku.

Ef kennarar hafa áhyggjur af velferð barns ber þeim skylda að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, sbr. 17. grein barnaverndarlaga (nr. 80 / 2002).

Við upphaf leikskólagöngu barns mæta forráðamenn í viðtal hjá leikskólastjóra og deildarstjóra og upplýsa starfsfólk um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið, kennarar upplýsa forráðamenn um námskrá, starfshætti og hugmyndafræði leikskólans. Í fyrsta viðtali eru lagðir fyrir spurningalistar sem snúa að [snemmtækri íhlutun](#). Aðlögun er sá tími þegar barnið kynnist kennurum, börnum og umhverfi skólans.

Í Kópahvoli er [þátttökuaðlögun](#) sem byggir á því að forráðamenn eru þátttakendur í aðlöguninni frá fyrsta degi og fylgja dagskipulagi deildarinnar. Hugmyndafræðin að baki þátttökuaðlögun er að öruggir forráðamenn smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna.

Öruggir foreldrar=örugg börn.



Foreldraráð og foreldrafélag

Lögum samkvæmt skal kjósa foreldraráð við leikskóla í september ár hvert til eins árs í senn. [Foreldraráð](#) setur sér starfsreglur en í því sitja að lágmarki þrír forráðamenn ásamt leikskólastjóra. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans, gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi hans. [Foreldrafélag](#) eflir tengsl forráðamanna og leikskólans, styður við starfsemi hans og aðbúnað. Félagið tekur þátt í ýmsum viðburðum í leikskólanum og gætir að hagsmunum barna.

Samstarf leik- og grunnskóla

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Kópahvöll er samstarfs skóli Kópavogsskóla. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börn eru að fást við í leikskóla verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leik- og grunnskóla er mikilvægt samstarfsverkefni barna, forráðamanna og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barna er í brennidepli.

Farsæld barna

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld og hefur það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta máli fyrir farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og þau fái rétta aðstoð á réttum tíma frá réttum aðilum. [Hér](#) eru upplýsingar um farsæld barna í Kópavogi.

Barna- og fjölskyldustofa ([BOFS](#)) styður jafnframt við samþættingu þjónustu með leiðbeiningum og stuðningsefni fyrir þá sem þjónusta börn og foreldra, auk upplýsinga til barna og foreldra þeirra.





Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem starfsfólk leikskóla framkvæmir og er nefnt innra mat. Hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Í Kópahvoli starfar innra matsteymi sem ber ábyrgð á að innra mat sé unnið í samstarfi við leikskólastjóra. Í matsteymi situr aðstoðarleikskólastjóri og einn fulltrúi frá hverri deild skólans. Einnig skipar foreldraráð rýnihóp til þátttöku í innra mati.

Unnið er eftir áætlun um innra mat sem gert er til fjögurra ára í senn. Stuðst er við eftirfarandi gögn í innra mati: [leiðbeiningar um innra mat leikskóla](#) og [viðmið og vísbendingar](#)

Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og er starfrækt réttindaráð sem öll börn skólans sitja í. Réttindaráð hefur áhrif á starfsemi og verkefni sem unnin eru í skólanum. Samhliða réttindaráði eru lagðar fyrir kannanir á stöðu verkefnisins ár hvert. Hér má sjá [vinnuáætlun](#) UNICEF.

Á hverju ári er eitt námssvið endurmetið samkvæmt matsáætlun menntasviðs Kópavogsbæjar ásamt því að starfsmannakönnun og foreldrakönnun er send út annað hvert ár á vegum Skólapúls.

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum matsins og birt í [starfsáætlun](#) á hverju ári.

